

Félagsfundur Foreldrafélags Akurskóla

Haldinn 10. mars 2010 á sal Akurskóla kl. 20.00

Mættir: Karólína Einarsdóttir, Jenný Lára Magnadóttir, Katrín Ósk Pétursdóttir, Elvur R. Sig., Brynja Oddgeirsdóttir, Helga Andrésdóttir, Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Lovísa Hafsteinsdóttir, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir.

Fundarstjóri, Hafdís N. Hafsteinsdóttir setti fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesinn og samþykkt.

2. Skýrsla fagraðs

Jóna Guðrún fór yfir málin í forföllum Kristínar. Skólayfirvöld hafa skoðað mötuneytismál frá öllum hliðum en því miður er ekki hægt að setja matinn beint á borðin hjá nemendum. Foreldrar fengu þau svör að reglur heilbrigðisyfirvalda væru þannig að maturinn yrði að vera við visst hitastig og því væri ekki hægt að framkvæma þessa hugmynd.

Hvað sturtumálin varðar kom í ljós að vissir árgangar fá val um það hvort þeir fari í sturtu eða ekki. Í síðustu eineltiskönnun kom í einnig í ljós að lítið er um áreiti í sturtuklefum.

Fagrað ræddi einnig um samskipti heimilis og skóla við skólayfirvöld. Skólayfirvöld tóku vel í málið en Jónína skólastjóri mun ræða málin við kennara skólans áður en endanleg ákvörðun verður tekin um fyrirkomulagið.

Fundarmenn ræddu svör skólayfirvalda. Ákveðið að skoða mötuneytismálin betur, og vísa þeim til FFGÍR.

Fram kom að nemendur næðu oft ekki að klára nestið sitt í nestistímum þegar þeir koma úr sértímum. Best er að ræða þau mál við umsjónarkennarann en allir nemendur eiga að fá nægan tíma til að borða nestið sitt.

3. Peysumál

Nemendur gátu mátað og pantað peysur á viðtalsdegi nemenda. Ingigerður Sæmundsdóttir, kennari við skólann, hefur aðstoðað nemendur og foreldra mikið í undirbúningnum.

4. Ritfanganefnd

Enginn fulltrúi var frá ritfanganefnd. Mikilvægt að eitthvað fari að gerast í ritfangamálum þar sem stutt er í vorið og gott að málin verði komin nokkuð á hreint fyrir sumarfrí.

5. FFGÍR

Búið er að afhenda vestin í 1. og 2. bekk grunnskóla. FFA borgaði helminginn og SpKef styrkti FFGÍR um hinn helminginn.

Rætt var um að betri lýsingu vantaði í kring um Akurskóla. Vonandi verður gerð bragarbót á því í kjölfar umferðakönnunar FFGÍR sem gerð var fyrir í vetur.

6. Foreldrastarf

Rætt var um starf foreldra og barna. All flestir bekkjahópar hafa hist nokkrum sinnum það sem af er skólaárinu og átt góða stund saman.

Rætt var um að setja link á svæði FFA og vísa á leikjabanka foreldrum til þæginda.

7. Önnur mál

Búið er að ráða **námsráðgjafa** við skólann í 50% starf og fögnuðu fundarmenn því. Lovísa Hafsteindsdóttir var ráðinn til starfans.

Hvernig vilja foreldrar sjá samskipti heimilis og skóla? M.a. var rætt um að **umsjónarkennarar** sæju um að finna bekkjarfulltrúa í nemendahópum sínum. Einnig að umsjónarkennararnir sæju um eitt bekkjarkvöld á önn til að efla samskiptin. Þar væri tækifæri til að sýna afrakstur nemenda á önninni t.d. dans, myndlist o.fl. Einnig væri gott að umsjónarkennari hitti bekkjarfulltrúa einu sinni á önn til að fara yfir málin.

Finna þarf leið til að **foreldrar** mæti með börnum sínum á bekkjarkvöld nema annað sé tekið fram. Einnig þarf að benda á mikilvægi þess að foreldrar mæti á námskynningarkvöld með umsjónarkennara og félagsfundi foreldrafélagsins til að fylgjast með framvindu mála.

Borið hefur á því í vetur að verið sé að sýna bannaðar myndir í afmælum nemenda. Ákveðið að senda vinsamleg tilmæli til foreldra og benda á að virða aldurstakmörk.

Fundi slitið.

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir

